

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um opin fund ungmennaráða og stjórn Strætó bs.

Lagt er til að Reykjavíkurborg standi fyrir reglulegum opnum fundum með ungmennaráðum borgarinnar og stjórn Strætó bs og verði fyrsti fundur á haustönn 2017.

Greinargerð:

Börn og ungmenni eru stór hluti þeirra sem nýta sér almenningssamgöngur í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Þau þurfa oft að komast langar leiðir hvort sem það er á milli hverfa eða innan síns hverfis. Þar sem þessi aldurshópur er ekki með ökuleyfi og foreldrar oft í vinnu teljum við nauðsynlegt að ungmenni í Reykjavík fái reglulega fundi með stjórn Strætó til að ræða leiðakerfi og annað sem viðkemur strætósamgöngum borgarinnar.